

## Tillaga

**Viðtakandi:** Bæjarráð

**Efni:** Tillaga vegna framlengingar samnings um samræmda móttöku

**Dags:** 17. maí 2024

**Málsnúmer:** 202208758/10.14

**Sendandi:** Sigurbjörg Fjölinsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að framlengja samningi um samræmda móttöku flóttafólks um eitt ár frá 1. júlí 2024 í tveimur skrefum þar sem lagt er til að nýr samningur til áramóta verði vegna 60 einstaklinga, en ekki 80 eins og er í núverandi samningi. Þá er lagt til að frá áramótum til 1. júlí 2025 verði fjöldi einstaklinga sem tekið verði á mótí endurmetinn. Fækkun einstaklinga í samræmdri móttöku á árinu 2024 hefur ekki áhrif á fjárhagsáætlun.

### Greinargerð:

Á 1571. fundi bæjarráðs þann 9. mars 2023 var bæjarstjóra falið að undirrita samning um samræmda móttöku flóttafólks. Gildistími samningsins var til 31. desember 2023 þar sem sveitarfélagið skuldbatt sig til að hafa í móttökunni allt að 80 einstaklinga. Samningurinn er forsenda þess að sveitarfélaginu berist áfram greiðslur vegna utanumhalds um verkefnið, það er vegna launa verkefnastjóra sem og greiðslur vegna húsnæðisstuðnings þeirra einstaklinga sem heyra undir móttökuna. Á 1615. fundi bæjarráðs þann 29. febrúar sl. var samþykkt að framlengja samkomulag aðilanna, með óbreyttum fjölda einstaklinga, um sex mánuði eða til júníloka 2024.

Í árslok 2023 voru 60 einstaklingar komnir í samræmda móttöku en helsta ástæða þess að ekki hafði náðst að veita 80 einstaklingum þjónustu var sú að skortur var á viðeigandi húsnæði í sveitarfélaginu. Á árinu 2024 hafa verið að bætast við einstaklingar í þjónustuna en á mánaðartímabili fengu þrír einstaklingar samþykka fjölskyldusameiningu og fluttu fjölskyldur þeirra í sveitarfélagið strax í kjölfar þess, en um var að ræða 14 einstaklinga sem bættust við í móttökunni vegna þessa, þar af níu börn. Á þessum tímavarki er 91 einstaklingur skráður í samræmda móttöku í Mosfellsbæ, þar af eru 19 að flytja úr sveitarfélaginu á næstu dögum og vikum.

Mikilvægt er að verkefnastjóri sinni aðstoð við einstaklingana, en í því felst m.a. aðstoð við húsnæðisleit, skráningar, umsóknir um atvinnu og skóla og margt fleira. Er því lagt hér til að undirrita nýjan samning við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið frá 1. júlí út árið 2024 til að hægt verði að tryggja áframhaldandi greiðslur vegna launa verkefnastjórans. Að auki, í ljósi m.a. fækkunar flóttafólks til Íslands, er lagt til að umsaminn fjöldi í móttökunni frá 1. júlí fækki úr 80 í 60 einstaklinga. Þar sem samningur um 80 einstaklinga er umfram greiðslur vegna eins verkefnastjóra, mun fækkun niður í 60 einstaklinga ekki hafa áhrif á fjárhagsáætlun 2024 þar sem gert var ráð fyrir að í móttökunni fælist ekki umframkostnaður fyrir sveitarfélagið.

Lagt er til að gengið verði að nýju til samninga við ráðuneytið á næsta ári og í ljósi fækkunar flóttafólks til landsins verði fjöldi einstaklinga sem tekið verði á mótí endurmetinn frá 1. janúar 2025 og að sá samningur gildi til 30. júní 2025.



**Mosfellsbær**

Samþykki bæjarráð framlengingu samnings um eitt ár til viðbótar, í samræmi við tillöguna hér að ofan, verður gengið til samninga við núverandi verkefnastjóra um framlengingu ráðningarsamnings til eins árs.

*Virðingarfyllst,  
Sigurbjörg Fjölvisdóttir*